

Garðabær
Ráðhúsinu
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 3. maí 2021

Efni: Flýting gerðar frumdraga fjórðu lotu Borgarlínunnar
Málsúmer ykkar: 2005180

Vísað er til tölvupósts ykkar dags. 18. mars þar sem þess var óskað að kannað yrði hvort hægt væri að flýta vinnu við gerð frumdraga fyrir leið D, sem er hluti af fjórðu framkvæmdalotu Borgarlínunnar.

Við fögnum miklum og þverpólitískum áhuga bæjarráðs á Borgarlínunni. Ljóst er að hún mun bæta til mun samgöngur í bænum ykkar. Við mat á því hvort hægt sé að flýta vinnu frumdraga þarf fyrst að svara því hvort það sé tæknilega hægt. Ef svo er þá er ljóst að bæta þarf við fólki til að hefja þá vinnu með tilheyrandi kostnaði sem ekki er gert ráð fyrir í núverandi áætlunum.

Eins og sjá má af meðfylgjandi umsögn verkefnastofu Borgarlínunnar dags. 19. apríl mun það skýrast síðar á þessu ári hvort verkefnastofan hafi bolmagn til að halda fleiri boltum á lofti en núverandi áætlun gerir ráð fyrir. Verði það niðurstaða munu Betri samgöngur meta hvort að rétt sé að breyta þeim áætlunum með þeim áhrifum á kostnað sem það mun hafa. Verði það raunin gætu frumdrög af allri fjórðu lotu legið fyrir um mitt ár 2022.

F.h. stjórnar
Betri samgangna ohf.



Davíð Þorláksson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal:

- Umsögn verkefnastofu Borgarlínunnar dags. 19. apríl 2021